

Peir J, SH, Þorsteinn Hreggviðsson, Á og D greiði allan kostnað sakarinnar in solidum. Peir J, SH og Þorsteinn Hreggviðsson greiði hver skipuðum verjanda sínum, Erni Höskuldssyni héraðsdómslögmanni, krónur 200.000.

Miðvikudaginn 31. október 1984.

Nr. 151/1984. **Landssamband íslenskra útvegsmanna**
 gegn
landbúnaðarráðuneytinu,
jarðanefnd Snæfellsnes- og
Hnappadalssýslu,
byggingarfulltrúanum í Snæfellsnes- og
Hnappadalssýslu og
byggingarnefnd Breiðuvíkurhrepps

Kærumál. Kröfugerð. Stefna. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. júlí 1984 og gert þær kröfur, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Enn fremur krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja er gerð krafa um staðfestingu hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðiljar höfðu með ýmsum hætti og á ýmsum tímum afskipti af málefni því, sem dómsmál þetta er risið af, og höfðu athafnir þeirra mismunandi gildi að lögum. Sóknaraðilja var rétt að gera í dómsmáli kröfu um, að tilteknaðar aðgerðir varnaraðilja yrðu metnar ógildar. Sóknaraðili gerir hins vegar ekki kröfu um ógildingu, heldur um viðurkenningu á því, að varnaraðiljar hafi „farið út fyrir lagamörk sín og beitt valdi sínu á ómálefnalegan hátt. . .“

Er kröfugerð þessi andstæð 67. gr. laga nr. 85/1936. Þá gerir sóknaraðili kröfu um viðurkenningu á því, að hann „fullnægi lagaskilyrðum jarðalaga nr. 65/1976 sbr. 1. mgr. 12. gr. og eigi rétt til þess að fá landspildu til eigin afnota undir 5 sumarbústaði. . .“ Enda þótt sóknaraðili eigi, eins og áður segir, rétt á að leita dómsúrlausnar um gildi stjórnvaldsákvæðana, er það eigi á valdi dómstóla að veita leyfi það, sem hér um ræðir. Kröfur sóknaraðilja þykja þannig ekki vera dómhæfar. Stefna í málinu er eigi í samræmi við reglur 88. gr. laga nr. 85/1936 og að miklu leyti skriflegur málflutningur. Þykir samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið eiga að staðfesta niðurstöðu hins kærða dóms.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilum hverjum um sig 8.000.00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Landssamband íslenskra útvegsmanna, greiði varnaraðiljum, landbúnaðarráðuneytinu, jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, bygginarfulltrúanum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og byggingarnefnd Breiðavíkurhrepps, hverjum um sig 8.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1984.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 20. júní sl. um frávisunarkröfur allra stefndu, var höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 14. október 1982, af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, nnr. 5978-9406, Hafnarhvoli, Tryggvagötu, Reykjavík, 14. október 1982 gegn landbúnaðarráðuneytinu, nnr. 5978-6903, Arnarhvoli Reykjavík, og Landnámi ríkisins, nnr. 5978-7403, 20. október 1982 gegn jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, nnr. 4885-7663, Skólastíg 15, Stykkishólmi, 28. október 1982 gegn byggingarfulltrúanum í Vesturlandsumdæmi, Laufási, Borgarhreppi, Borgarfjarðarsýslu, og hinn 25. nóvember s.á. gegn byggingarnefnd Breiðuvíkurhrepps, Laugarbrekku, Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þannig, eins og þær voru gerðar með bókun í þinghaldi 29. júní 1983:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi fullnægi lagaskilyrðum jarðalaga nr. 65/1976, sbr. 1. mgr. 12. gr., og eigi rétt til þess að fá landspildu til eigin afnota undir 5 sumarbústaði í landi stefnanda, Skjaldartröð, Breiðuvíkurbreppi, Snæfellsnessýslu, nánar tiltekið svæði, sem afmarkast af Sauða að vestan, hraunkanti að austan, Fjártóft að norðan og hraunnös að sunnan, svonefnt „neðra svæði“.

2. Að viðurkennt verði með dómi, að stefndu hafi farið út fyrir laga-mörk sín og beitt valdi sínu á ómálefnalegan hátt, er þau með ákvörðunum sínum og athöfnum meinuðu stefnanda á grundvelli 1. mgr. 12. gr. jarðalaga nr. 65/1976 að fá áður nefnda landspildu til eigin afnota undir 5 sumarbústaði.

Stefnandi fellur frá kröfu sinni í 3. tl. í stefnu, en áskilur sér jafnframt allan rétt til að höfða síðar skaðabótamál vegna þessa máls, gefi dómur í málinu tilefni til.

Stefnandi krefst og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi landbúnaðarráðuneytið, sem nú er einnig í fyrirsvari fyrir stefnda Landnám ríkisins, sem lagt var niður með lögum nr. 90 30. maí 1984, er gildi tóku 1. júní sl., en birt voru 13. júní sl., gerir þær dómkröfur *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi að því er hann varðar og honum dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara, að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til þrautavara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu gerir þær dómkröfur *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og málskostnaður úr hendi stefnanda í báðum tilvikum.

Stefndu byggingarfulltrúinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem nú er kominn í stað byggingarfulltrúans í Vesturlandsumdæmi, og byggingar-nefnd Breiðuvíkurbrepps gera þær dómkröfur *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi alveg eða að hluta, en til vara, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, og í öllum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda lögum samkvæmt.

Ítarlegar sáttaumleitanir fóru fram af hálfu dómarans, en þær báru engan árangur.

Í stefnu er málavaxtalýsing stefnanda á tíu þéttvélrituðum blaðsíðum, en málavextir eru í stuttu máli þeir, að stefnandi keypti jörðina Skjaldartröð, Breiðuvíkurbreppi á Snæfellsnesi hinn 22. júní 1978 til þess að reisa þar fimm sumarbústaði til afnota fyrir félagsmenn og starfsfólk stefnanda á svonefndu „neðra svæði“, sem er hvammur undir háum hraunkanti í túnjaðri jarðarinnar, sem er austast í byggðinni að Hellnum. Hreppsnefnd Breiðuvíkurbrepps tilkynnti með bréfi, dags. 19. júlí 1978, að hún muni

ekki neyta forkaupsréttar í trausti þess, að jörðin verði leigð til lífstíðar þeim ábúanda, sem hreppurinn mæli með. Stefnandi leigði Jóhanni Hjörleifssyni jörðina til lífstíðarábúðar í ágúst 1978, og þá féllst jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu á að leyfa söluna á jörðinni til stefnanda. Stefnandi fékk þó ekki þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni tilskilin leyfi til þess að reisa sumarbústaðina á þeim stað á jörðinni, sem hann sjálfur vildi, á hinu „neðra svæði“, og hefur því höfðað þetta mál, sem hann kveður eingöngu snúast um staðsetningu sumarbústaðanna.

Málsástæður og lagarök stefndu fyrir frávisunarkröfum.

Stefndu byggja allir frávisunarkröfur sínar á því, að málið fullnægi ekki ákvæðum einkamálalaga nr. 85/1936 um málaltilbúnað og sakarefni.

Í fyrsta lagi sé allur málaltilbúnaður stefnanda, framlagning skjala, form og umbúnaður málsins þannig, að brjóti gegn ákvæðum 88., 105. og 109. gr. eml. Stefnandi hafi lagt fram fjöldann allan af skjölum í málinu, sem geri það viðamikið, en þau séu þýðingarlaus og tilgangslaus. Stefnan í málinu og málavaxtalýsing í henni brjóti ein sér gegn ákvæðum 88. gr. laganna, sbr. lög nr. 28/1981, þar sem illt sé að greina málsástæður stefnanda og önnur atvik, sem varpa ættu ljósi á málið. Framlagning skjala af hálfu stefnanda brjóti beinlínis gegn 105. gr. laganna, þar sem fæst þeirra verði málaltilbúnað, og 109. gr., þar sem þetta hljóti að teljast skriflegur málflutningur. Stefnu vísi í dóma Hæstaréttar, 1952, bls. 122 og 399, 1968, bls. 962, og 1975, bls. 87, þar sem mál var orðið „réttarfarsleg flækja“ og braut gegn ákvæðum og anda einkamálalaganna um skýran málflutning og glöggan. Hið sama eigi við í þessu máli, það sé einfaldlega í svo slæmu formi, að hætta sé á, að rétt niðurstaða fái ekki.

Í öðru lagi sé kröfugerð stefnanda svo gölluð, að dómur verði ekki á hana lagður, jafnvel þótt komist væri í gegnum hinn óskýra málaltilbúnað. Kröfugerð stefnanda hafi verið á reiki, en hún sé nú sett fram í bókun í þinghaldi 29. júní 1983, eftir að lögmenn stefndu hafi í greinargerðum sínum andmælt upphaflegri kröfugerð sem andstæðri ákvæðum einkamálalaga. Breyting stefnanda á kröfugerðinni hafi í raun ekki orðið til annars en að uphaflegum tölulíðum hafi verið víxlað og þriðji tölulíður felldur niður.

Í 1. tl. kröfugerðar stefnanda, eins og hann sé nú, sé krafist viðurkenn-ingardóms þess efnis, að stefnandi fullnægi lagaskilyrðum jarðalaga nr. 65/1976, sbr. 1. mgr. 12. gr. og eigi rétt til þess að fá tiltekna landspildu til eigin afnota undir sumarbústaði. Samkvæmt þar tilgreindum lagaákvæðum þurfi auk jarðalaga að fá samþykki ýmissa stjórnvalda og uppfylla skilyrði nokkurra annarra laga og sé tilteknum stjórnvöldum ætlað að meta, hvort leyfa beri byggingu sumarbústaða á tilteknum svæðum. Starf stefndu landabúndarráðherra og Landnáms ríkisins að þessum málum byggist á 1.

mgr. 12. gr. jarðalaga, eins og ákvæðið hafi verið orðað fyrir lagabreytinguna, sem gildi tók 1. júní 1984. Samkvæmt því ákvæði hafi ákvörðun Landnáms ríkisins byggst á frjálsum mati og við ákvörðun ráðherra hafi það verið skilyrði, að fyrir lægi samþykki jarðanefndar og Landnáms ríkisins. Að öðru leyti hafi ákvörðun ráðherra byggst á frjálsum mati. Það sé engan veginn í verkahring dómstóla að veita leyfi samkvæmt 1. mgr. 12. gr. jarðalaga eða öðrum lögum til að reisa sumarbústaði, þar sem skilyrði sé, að tiltekin stjórnvöld samþykki slíkar byggingar eða slíka nýtingu lands. Þessi kröfugerð feli í rauninni aðeins í sér beiðni um lögfræðilega álitsgerð, þar sem viðurkenningardómur um kröfuna geti ekki einn sér skapað honum rétt til að reisa sumarbústaðina á hinu tiltekna svæði.

Hið sama eigi við um 2. tl. kröfugerðar stefnanda. Kröfugerðinni sé beint sameiginlega gegn öllum hinum stefndu, en tengsl séu ekki á milli stefndu. Ekki sé tekið fram, við hvaða ákvarðanir og athafnir sé átt, þótt ákvarðanir stefndu hafi verið teknar á mismunandi tímum og hafi mismunandi gildi að lögum. Stefnandi krefjist ekki ógildingar á tilteknum athöfnum, en slíkt sé venja að gera, vilji menn fá ákvörðunum og athöfnum stjórnvalda hnekt. Jafnvel þótt kveðinn væri upp dómur um þennan tölulið, eins og stefnandi fari fram á, þá raski sá dómur ekki ákvörðunum þeirra stjórnvalda, sem þau hafa tekið í þessu máli og geti því ekki skapað stefnanda rétt í sjálfu sér. Krafa þessa töluliðar sé því eins og 1. töluliðar andstæð 66. og 67. gr. einkamálalaga. Einnig skorti skilyrði þess, að kveðinn verði upp viðurkenningardómur, þar sem ákvæðum 69. gr. laganna sé ekki fullnægt, stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að það skipti hann máli að lögum að fá slíkan dóm. Dómur eigi að leiða réttaróvissu til lykta, en dómur að kröfum stefnanda myndi á engan hátt gera slíkt og færi því gegn 4. mgr. 71. gr. laganna.

Málsrök stefnanda.

Stefnandi andmælir frávisunarkröfum stefndu og krefst þess, að þeim verði hrundið og honum tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins. Hann útskýrir framlagningu skjala og málatilbúnað með því að benda á, að hér sé um að ræða viðamesta stjórnsýslumál í langan tíma. Málið fjalli alfarið um það, hvort stefnandi fái að byggja sumarbústaði sína á svæði því, sem hann sjálfur kjósi á landi, sem sé í hans eigu eða hvort stefndu geti synjað honum um það. Allir stefndu hafi komið í veg fyrir notkun stefnanda á landi sínu á grundvelli 12. gr. jarðalaga nr. 65/1976, en stefnandi telji, að þeir hafi gert það á ólögæt看an hátt. Stefnandi reki synjanir stefndu, þær hafi komið fram í bréfum stefnda landbúnaðarráðuneytis, dags. 21. ágúst 1979, 18. janúar 1980 og 3. júní 1980. Stefndi landnámsstjóri hafi með bréfi sínu, dags. 13. júní 1979, vísað stefnanda á „efra

svæðið“ á landi stefnanda, en það hafi stefnandi ekki viljað sjálfur og það hafi landnámsstjóri vitað fyrir og því hafi þetta í raun verið synjun af hálfu stefnda Landnáms ríkisins. Stefndi landnámsstjóri hafi síðan neitað að taka málið fyrir og stefndi jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hafi synjað um umfjöllun málsins. Allt séu þetta ólögmætar synjanir. Stefndi byggingarnefnd Breiðuvíkurbrepps hafi ítrekað synjað í bréfum 22. júní 1979 og 9. júlí 1980 eins og allir stefndu. Þessi langa saga af deilum aðilja geri málið viðamikil og hafi verið leitast við að setja það eins skýrlega fram og unnt sé.

Stefnandi andmæli því alfarið, að kröfur séu ekki dómtækar. Kröfurnar séu skýrt fram settar í tveimur tölulíðum, en fallið hafi verið frá upphaflegri kröfu í 3. tl. stefnu, að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu. Stefnandi áskilji sér allan rétt til að höfða síðar skaðabótamál vegna þessa máls ef dómur í þessu dómsmáli gefi tilefni til. Núverandi kröfugerð sé til þess gerð að binda stefndu við dóm um að þola viðurkenningu á heimildum stefnanda skv. 12. gr. jarðalaga og að þeir hafi á ólögmætan hátt beitt valdi sínu og að um valdþurrð hafi verið að ræða. Stefnandi þurfi að fá 2. tl. dæmdan til þess að hafa grundvöll í hugsanlegu skaðabótamáli, enda hafi stefnandi orðið fyrir gífurlegu fjártjóni vegna aðgerða stefndu í langan tíma.

Stefnandi telji, að hann uppfylli skilyrði 69. gr. einkamálalaga til þess að fá viðurkenningardóm í máli sínu. Hann hafi lögvarða hagsmuni, sakar efnið sé afmarkað og dómurinn myndi leysa réttaróvissu. Fari dómur honum í vil, geti stefndu ekki lengur staðið í vegi fyrir, að stefnandi nýti sér land sitt. Þess vegna sé ekki eingöngu um lögfræðilega álitsgerð að ræða. Stefnandi telji, að í slíkum málum sé rúm heimild dómstóla til að meta gildi úrskurða og ákvarðana stjórnvalda og jafnframt rúm heimild til að þrengja kröfugerðina í dómi. Kröfur stefndu um frávisun lúti í raun að efnisatriðum í málinu eins og þeim, að stefndu hafi „frjálst mat“ í slíkum málum, sem dómstóll geti ekki breytt. Þetta varði efni málsins og biði efnis meðferðar. Dómstóllinn eigi fremur að beita sýknu en frávisun, þegar um slík viðamikil deilumál í stjórnsýslu sé að ræða. Máli sínu til stuðnings bendi stefnandi á dóma Hæstaréttar árið 1978, bls. 447, og 1979, bls. 1157. Þar hafi ekki verið vísað frá máli á þeim forsendum, að það ætti ekki undir dómstóla og dómurinn hafi túlkað og lagað til kröfugerðina. Stefnandi bendi og á það, að engin staðall sé til um lengd á málsútlitun í stefnu og framlagningu skjala og dómstólar hafi haft rúmar heimildir til að forma kröfur og málsefni.

Niðurstaða.

Stefnan í máli þessu er óhemju löng og erfitt að greina í henni á milli

málsástæðna og annarra atvika. Hún er því andstæð 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981 um meðferð einkamála í héraði. Fram hafa verið lögð af hálfu stefnanda allmörg skjöl, sem við nánari rannsókn snerta ekki kjarna málsins, og er það andstætt 105. og 109. gr. laganna.

Ekki verður talið, að unnt sé að koma málinu í löglegt horf úr því sem komið er. Með vísan til fordæmis Hæstaréttar í dómi 5. febrúar 1975, sem stefndu bera fyrir sig, verður að telja, að málalítilbúnaður og kröfugerð af hálfu stefnanda sé slíkt brot á ákvæðum og anda einkamálalaganna um skýran og glöggan málflutning, að ekki verði hjá því komist að vísa málinu frá dómi þegar af þeirri ástæðu.

Með vísan til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936, verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað, kr. 8.000.00 til hvers um sig.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Landssamband íslenskra útvegsmanna, greiði stefndu, landbúnaðarráðuneytinu, jarðanefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, byggingarfulltrúanum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og byggingarnefnd Breiðuvíkurbrepps, hverjum um sig kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1984.

Nr. 209/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Unnari Sigurði Hansen

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag, og gert þá kröfu, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími